

**Sp.**

**59. Fyrirspurnir.**

[58. mál]

I. Til landbúnaðarráðherra um birgðir afurða.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

1. Hve miklar voru birgðir kindakjöts hjá afurðasölufyrirtækjum 1. júní s. l., 1. júlí, 1. september og 1. október og hvert var verðmæti þeirra?
2. Hjá hvaða fyrirtækjum voru þessar óseldu birgðir á framangreindum dögum?
3. Hve mikil voru afurðalánin út á þessar afurðir á hverjum framangreindra daga og hverjir höfðu fengið þau?

II. Til landbúnaðarráðherra um bann við því að bændum sé greitt fullt verð fyrir afurðir.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

1. Samkvæmt hvaða lagaheimild hefur Framleiðsluráð landbúnaðarins lagt bann við því, að bændum sé greitt fullt verð fyrir sauðfjárafurðir frá haustinu 1981?
2. Var bann þetta lagt á í samráði við landbúnaðarráðherra?
3. Hvert var tilefni þess, að Framleiðsluráðið taldi sig knúið til að banna sláturleyfishöfum að greiða bændum fullt verð?
4. Mega bændur eiga von á því, að sláturleyfishöfum verði nú á næstunni bannað að greiða þeim fullt verð fyrir afurðir haustsins 1982?